

Hafnarfjarðarbær
Skipulags- og byggingarsvið
Strandgötu 8
220 Hafnarfjörður



Minjastofnun
Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300, Bréfsími: 570 1301
www.minjastofnun.is

Reykjavík 13. september 2013
Fvr 2013090007 IKM

Efni: Ljósleiðari frá Krýsuvíkurskóla að gamla Suðurstrandarveginum og í átt að Ögmundarhauni.

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um lagningu ljósleiðara frá Krýsuvíkurskóla að fyrirhuguðum tengibrunni við gamla Suðurstrandarvegin og þaðan til vesturs í átt að Ögmundarhrauni.

Fornleifaskráning fór fram á Krýsuvíkursvæðinu árið 1998. Það var Bjarni F. Einarsson fornlleifafræðingur sem sá um verkið og gaf út skýrslu sama ár: *Krýsuvík. Fornleifar og umhverfi*.

Rústir Gestsstæða eru á þýfðu engi sunnan undir blásnum hól um 150 m suðvestur af suðvesturhorni Krýsuvíkurskóla. Ekki er vitað hvenær búið var á Gestsstöðum. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1703 segir frá jörðinni Gestsstöðum nálægt Krýsuvík. Þá voru greinilegar bæði tóftir og túngarður þó mikið væri uppblásið. Bærinn hafði þá verið svo lengi í eyði að enginn vissi hvenær hann var byggður síðast. Bjarni F. Einarsson skráði þrjár fornlleifar á svæðinu, bæjarrúst, garð/gerði og ógreinilega rúst. Um þessar minjar segir m.a. í skýrslu Bjarna:

Eyðibýli 233:1-3. Rústirnar eru á ca. 30 x 50 m stóru svæði (A - V). eru þær allar mosa- og grasi grónar og mjög fornlegar að sjá. Mjög líklega leynast fleiri rústir undir torfum á staðnum, þó ekki séu þær skráðar hér.

Bæjarrúst 233:1. 8 x 14 m (NNV-SSA). Veggir úr torfi (og grjóti?), 1 - 2,5 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir. Trúlega eru fjögur hólf í rústinni (A - D) og dyr á hólfi A til SSA. Aðrar dyr sjást ekki þó sennilega hafi þær allar snúið til SSA. Einstaka steinar sjást í veggjum. Áberandi laut eða dæld er við SA horn rústarinnar. Virðist hún geta verið manngerð. Beint út frá bænum til SA gæti verið leifar af garði, sem í dag er útflattur og sokkinn. Gæti hann hafa verið göngugarður.

Garður/gerði 233:2. Er austan við rúst 233:1. Ca. 20 x 32 m (N - S). Úr torfi, ca. 2 - 2,5 m breiður og 0,3 - 0,4 m háir. Ytri mörk garðsins eða veggjanna, eru frekar óljós í N. Sennilega hefur hlið verið á garðinum á milli hans og bæjarhússins í suður.

Hafnarfjarðarbær
Innk: 17.9.2013
Málsnr: 1306050
Bréfalt: 710-3

Rúst 233:3. Ca. 37 m VNV frá SV horni bæjarrústanna (233:1). 6 x 18 m (NV – SA). Veggir úr torfi (og grjóti), ca. 1 – 2,5 m breiðir og 0,3 – 0,5 m háir. Grjót sést við dyrakamp sem snýr móti SV. Formið á rústinni er ógreinilegt þó rústin sjáist greinilega. Hugsanlega eldri rústir undir?

Matthías Þórðarson þáverandi þjóðminjavörður friðlýsti eyðibýlið Gestsstaði árið 1930. Í 1. mgr. 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir: *Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Tryggja þarf að ljósleiðaralögnin farin ekki inn á friðhelgað svæði eyðibýlisins Gestsstaða.*

Ljósleiðarinn mun fara í gegnum tvær fornar leiðir sem liggja þvert á legu hans. Bjarni F. Einarsson skráði leiðirnar á sínum tíma. Þeim er lýst svo í skýrslu hans:


Fornleið 278:1. *Leiðin tekur við götunni (nr. 266:9), sem liggur frá NA horni traðanna við Krísvík, vestan megin við Norðurkot og áfram í gegnum túngarðinn (þann ytri). Leiðin liggur eftir hliðum Bæjarfellsins og þar fer hún í gegnum garð (nr. 231), sem teygir sig út á sléttuna. Hvar leiðin lá eftir það er ekki hægt að segja með vissu, en ef marka má rof í landið gæti leiðin hafa legið skáhalt yfir dalinn, í átt að vörðuðu leiðinni frá Krísvík að Grindavík.*

Fornleið 280:1. *Leiðin er mjög vel vörðuð og nær frá túngarði Krísvíkur að endimörkum hins kannaða svæðis. Mjög víða má sjá máða götuna og yfirleitt er hún ca. 1,5 – 2 m á breidd og 0,1 – 0,3 m á dýpt. Þar sem hún sést ekki stafar af því að hún hefur farið á kaf í sand eða að núverandi vegur hefur verið lagður ofan í leiðina.*

Við fornu leiðina (280:1) er fjöldi varða (234 – 252). Leiðin (280:1) og nær allar vörurnar eru norðan við gamla malarveginn, akveginn. Því er mikilvægt að ljósleiðarinn liggji sunnan malarvegarins á þessu svæði.

Vegna nálægðar við friðlýstu fornleifarar á Gestsstöðum og vegna fjölda annarra fornleifar á leið fyrirhugaðs ljósleiðara telur Minjastofnun Íslands að framkvæmdaraðili þurfi að hafa samráð við stofnunina um nákvæma staðsetningu ljósleiðarans. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
Deildarstjóri